

Ársreikningur 2019



Akraneskaupstaður

Byggðasafnið í Görðum

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Skýrsla og áritun stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-16
Rekstur deilda	17

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2019. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu safnsins 31. desember 2019, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð safninu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi safnsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðferðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits safnsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi safnsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi safnsins.

Bygðasafnið í Görðum

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2020.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Hlutverk Byggðasafnsins í Görðum er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Ársreikningur safnsins er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur safnsins á árinu námu 114,1 millj. kr., en þar af námu rekstrarframlög eigenda um 106,2 millj. kr. Jákvæð rekstrarafkoma ársins nam 30,4 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir safnsins í árslok 90,1 millj. kr. og heildarskuldir 26,8 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 63,3 millj. kr.

Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrirtæki og greinast eignarhlutar þannig í árslok:

Akraneskaupstaður	90%
Hvalfjarðarsveit.....	10%

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu safnsins á árinu 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn Byggðasafnsins í Görðum hefur í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2019 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við sveitarstjórnir eignaraðila að samþykka ársreikninginn.

Akranesi, 30. mars 2020.

Í stjórn:

Forstöðumaður:

Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur:	Skýr.	2019	2019 Áætlun	2018
Þjónustutekjur		1.383.388	1.660.000	1.501.624
Rekstrarframlög eigenda	12	106.200.000	106.852.000	80.387.000
Innri þjónusta				1.216.914
Aðrir styrkir og framlög		6.527.613	5.039.102	9.197.971
	2	<u>114.111.001</u>	<u>113.551.102</u>	<u>92.303.509</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	3	37.739.278	48.477.794	42.722.994
Vöru- og efnisnotkun	4	8.978.151	5.439.417	8.456.801
Annar rekstrarkostnaður	4	60.483.305	54.726.032	36.461.469
		<u>107.200.734</u>	<u>108.643.243</u>	<u>87.641.264</u>
Afskriftir	7	4.735.029	4.493.980	3.775.038
	2	<u>111.935.763</u>	<u>113.137.223</u>	<u>91.416.302</u>
Rekstrarafkoma, jákvæð, fyrir fjármagnsliði		2.175.238	413.879	887.207
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		75.977	62.000	21.964
Vaxtagjöld		(651.141)	(400.000)	(462.836)
	5	<u>(575.164)</u>	<u>(338.000)</u>	<u>(440.872)</u>
Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði		1.600.074	75.879	446.335
Óreglulegir liðir:				
Niðurfallin lífeyrisskuldbinding við andlát	11	<u>28.792.115</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarniðurstaða, jákvæð	1,2,13	<u>30.392.189</u>	<u>75.879</u>	<u>446.335</u>

Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Aðrar eignir:				
Fasteignir, safnamunir	6	17.841.000	17.841.000	
Aðrar eignir		<u>17.841.000</u>	<u>17.841.000</u>	
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Húseignir		61.265.735	59.307.789	
Lóðaframkvæmdir		1.123.643	1.123.643	
Búnaður og innréttingar		4.068.871	4.788.319	
Fastafjármunir	2,7,8	<u>66.458.249</u>	<u>65.219.751</u>	
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	2	120.000	60.000	
Handbært fé:				
Sjóður		7.500	7.500	
Bankainnstæður		5.639.666	1.198.074	
	2	<u>5.647.166</u>	<u>1.205.574</u>	
Veltufjármunir		<u>5.767.166</u>	<u>1.265.574</u>	
Eignir utan efnahagsreiknings:				
Lausafjármunir	9			
Eignir samtals	1	<u>90.066.415</u>	<u>84.326.325</u>	

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir:			
	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé:			
Eigið fé	10	<u>63.244.434</u>	<u>32.852.245</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	11	<u>0</u>	<u>27.889.774</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuld, Aðalsjóður		18.407.774	12.253.487
Næsta árs afborganir langtímalíða			1.725.000
Fyrirfram innleystar tekjur		5.725.000	6.450.000
Aðrar skammtímaskuldir		<u>2.689.207</u>	<u>3.155.819</u>
		<u>26.821.981</u>	<u>23.584.306</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>26.821.981</u>	<u>51.474.080</u>

Eigið fé og skuldir samtals	1	<u>90.066.415</u>	<u>84.326.325</u>
------------------------------------	----------	--------------------------	--------------------------

Skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna:

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

Innlausn tekna

- a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags. Styrkir og framlög eru færð samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem standa að rekstri safnsins og samkvæmt fjárlögum ríkisins.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Færsla gjalda

- b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

- c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlags-verði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Safnahús	50 ár
Safnaskáli	25 ár
Aðrir liðir	7-16 ár

Birgðir

- e. Vörubirgðir eru metnar til eignar á kostnaðarverði.

Skammtímakröfur

- f. Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

- g. Sjóður, bankainnstæður og greiðslutryggðar viðskiptakröfur innan 90 daga teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

- h. Fjárfesting í lausafjármunum sem keyptir voru fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

Lífeyrisskuldbinding

- i. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna safnsins féll niður á árinu við andlát lífeyrisþega.

Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

- j. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 13.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Launagjöld:

3. Á árinu störfuðu að jafnaði fjórir starfsmenn hjá safninu. Launagjöld greinast þannig:

	2019	2019 Áætlun	2018
Föst laun	25.515.487	31.013.479	28.341.460
Yfirvinna	5.144.240	5.702.935	4.794.495
Lífeyrisskuldbinding		3.333.484	1.828.408
Launatengd gjöld	7.079.551	8.427.896	7.758.631
	<u>37.739.278</u>	<u>48.477.794</u>	<u>42.722.994</u>

Rekstrargjöld:

4. Tegundir rekstrargjalda safnsins eru birtar í deildaryfirliti hér að aftan.

Fjármagnsliðir:

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur	75.977	62.000	21.964
-------------------	--------	--------	--------

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld eigin fyrirtækja	634.426	400.000	458.004
Fjármagnstekjuskattur	16.715		4.832
	<u>651.141</u>	<u>400.000</u>	<u>462.836</u>

Fjármagnsliðir samtals	<u>(575.164)</u>	<u>(338.000)</u>	<u>(440.872)</u>
------------------------	------------------	------------------	------------------

Aðrar eignir:

6. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga fyrir ársbyrjun 2002 voru fasteignir sem eru safnamunir eignfærðar á fasteignamati í árslok 2001. Um er að ræða sex fasteignir sem varðveittar eru á lóð safnsins.

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Lóða- framkvæmdir	Búnaður og innréttingar	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	190.406.898	11.236.438	11.910.787	213.554.123
Afskrifað í ársbyrjun	(131.099.109)	(10.112.795)	(7.122.468)	(148.334.372)
Bókfært verð í ársbyrjun	59.307.789	1.123.643	4.788.319	65.219.751
Viðbót á árinu	5.973.527			5.973.527
Afskrifað á árinu	(4.015.581)		(719.448)	(4.735.029)
Bókfært verð í árslok	61.265.735	1.123.643	4.068.871	66.458.249
Heildarverð samtals	196.380.425	11.236.438	11.910.787	219.527.650
Afskrifað samtals	(135.114.690)	(10.112.795)	(7.841.916)	(153.069.401)
Bókfært verð í árslok	61.265.735	1.123.643	4.068.871	66.458.249
Afskriftarhlutföll	2,8-8%	8%	15%	
Vátryggingarmat	321.050.000			
Fasteignamat	119.700.000			

Fjárfesting

8. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2019 greinast þannig:

	Fjárfesting ársins	Fjárfesting áætlun
<i>Fasteignir</i>		
Bátaskýli, framkvæmdakostnaður ársins	5.973.527	5.000.000

Eignir utan efnahagsreiknings:

9. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tiltekna eignir safnsins verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða lausafjármuni, safnamuni og búnað í eigu safnsins sem keypt var fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfært í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað. Vátryggingarmat þessara eigna í árslok greinist þannig:

Fasteignir, safnamunir	171.950.000
Kúttur Sigurfari	11.419.000
Aðrir lausafjármunir	207.995.000
	<u>391.364.000</u>

Eigið fé:

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé í ársbyrjun	32.852.245	32.405.910
Rekstrarniðurstaða ársins, jákvæð	30.392.189	446.335
	<u>63.244.434</u>	<u>32.852.245</u>

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar:

11. Lífeyrisskuldbinding byggðasafnsins féll niður við andlát lífeyrisþega á árinu.

Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:	31.12.2019
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	29.614.774
Greiddur lífeyrir	(822.659)
Niðurfalinn lífeyrisskuldbinding við andlát	<u>(28.792.115)</u>
Skuldbinding í árslok	<u>0</u>

Framlög eigenda:

12. Eigendur safnsins greiddu á árinu 106,2millj. kr. í rekstrarframlög til þess. Framlögin greinast þannig eftir sveitarfélögum:

	Framlag	Hundraðs- hlutur
Akraneskaupstaður	95.580.000	90,00%
Hvalfjarðarsveit	10.620.000	10,00%
	<u>106.200.000</u>	<u>100,00%</u>

Byggðasafnið í Görðum

Rekstur deilda árið 2019

	Yfirstjórn og sam. kostn.	Aðalsafnahús	Markaðs- starf	Safnaskáli og önnur söfn	Endurbýggð hús	Sigurfarei	Samtals	Áætlun þús. króna
Rekstrartekjur:								
Þjónusta og aðgangseyrir	963.388				420.000		1.383.388	1.660.000
Rekstrarframlög eigenda	106.200.000						106.200.000	106.852.000
Aðrir styrkir og framlög	2.139.497		4.024.884	363.232			6.527.613	5.039.102
	109.302.885	0	4.024.884	363.232	420.000	0	114.111.001	113.551.102
Rekstrargjöld:								
Launagjöld	34.302.281		3.436.997				37.739.278	48.477.794
Vörukaup og viðhaldsvörur	517.233	4.105.593	3.997.651	32.350	325.324		8.978.151	5.439.417
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	186.702	1.505	387.571				575.778	887.126
Starfsmanna- og leigubifreiðar	242.391		11.929	11.140			265.460	225.783
Ferða- og móttökukostn., námskeið	448.612	158.892	87.614				695.118	210.931
Sérfræðþjónusta	351.600	170.500	8.280.382				8.802.482	485.200
Ýmis aðkeypt þjónusta	8.302.051	1.553.224	5.015.297	441.884	766.884		16.079.340	21.402.198
Leigugreiðslur	220.787	53.971		98.516			373.274	283.279
Orkukaup		620.983		797.285	569.623		1.987.891	2.228.195
Mannvirkjagerð og viðhald	754.610	20.249.828	6.285.004	1.045.304	280.000		28.614.746	25.680.543
Vátryggingar og opinber gjöld		687.288		544.354	1.185.752	23.693	2.441.087	2.612.636
Annar starfsmannakostnaður	69.129						69.129	145.220
Styrkir og framlög	564.000		15.000				579.000	564.921
	45.959.396	27.601.784	27.517.445	2.970.833	3.127.583	23.693	107.200.734	108.643.243
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð) fyrir fjármagnsliði	63.343.489	(27.601.784)	(23.492.561)	(2.607.601)	(2.707.583)	(23.693)	6.910.267	4.907.859
Afskriftir	0	0	0	4.735.029	0	0	4.735.029	4.493.980
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	63.343.489	(27.601.784)	(23.492.561)	(7.342.630)	(2.707.583)	(23.693)	2.175.238	413.879
Fjármagnsliðir:								
Vaxtatekjur	75.977						75.977	62.000
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	(651.141)						(651.141)	(400.000)
	(575.164)	0	0	0	0	0	(575.164)	(338.000)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	62.768.325	(27.601.784)	(23.492.561)	(7.342.630)	(2.707.583)	(23.693)	1.600.074	75.879
Óreglulegir liðir:								
Niðurfalinn lífeyrisskuldbinding við andlát	28.792.115	0	0	0	0	0	28.792.115	0
Rekstrarafkoma ársins, jákvæð (neikvæð).....	91.560.440	(27.601.784)	(23.492.561)	(7.342.630)	(2.707.583)	(23.693)	30.392.189	75.879